


6

Allir
fréttar allt
um leið



ANACONDA

12




SUNNUDAGUR

Morgunblaðið

BLAÐ B

SUNNUDAGUR
2. NÓVEMBER 1997

Ó L Ö F P Á L S D Ó T T I R



Morgunblaðið/Golli

Listin og lífið

Höggmyndalist er ekki gömul á Íslandi miðað við það sem gerist víða um heim og tiltölulega fáar íslenskar konur hafa lagt hana fyrir sig. Ólöf Pálsdóttur tók snemma ákvörðun um að verða myndhöggvari og er í hópi brautryðjenda hér í þeirri stétt. Hún sagði GUÐRÚNU GUÐLAUGSDÓTTUR frá tildrögum þeirrar ákvörðunar sinnar, námi sínu, starfi og hlut þess í einkalífi sínu.

AFORSÍÐU efnis- skrár Sinfóniuhljómsveitar Íslands í haust er mynd af höggmynd Olafar Pálssdóttur af Erling Blöndal Bengtsson sellóleikara. Umrað höggmynd stendur á Hagatorgi fyrir framan Háskólabíó. „Ég gerði þessa mynd í bífskúr íslenska sendiherrabústáðarins í Kaupmannahöfn,“ segir Ólöf þegar blaðamaður innir hana eftir gerð umræddrar höggmyndar. „Maðurinn minn, Sigurður Bjarnason, hafði þá tekið við stórfum sendiherra þar í borg og þegar sú hugmynd kom upp að Erling sæti fyrir hjá mér þá datt mér í hug að bílskúrinn væri skást vinnumáður sem vil væri á, hann var ekki notaður þá því bílarnir voru oftast í opnum bílageymslum sendiherrabústáðsins, svokallað „carport“.

Þetta var ákaflega skemmtilegt verkefni, Erling var áhugasamur um verk Ólöf og æfði sig altaf meðan ég mótaði myndina af honum. Ég man að það kom blaðamaður frá Politiken meðan þessi vinna stóð yfir og skrifði m.a. að líklegi hefði aldrei hljómað finni tónlisti í bífskúr! Tónlistin trúlaði mig reyndar fyrst, ég hlustaði svo mikil eftir henni, en svo vandist ég henni og gat loks varla verið án hennar. Höggmyndin af Erling Blöndal er stórt verk, „eiginlega hálfgerð grúppa,“ segir myndhögvarinn og visar m.a. til cellosína sem mikilvægs báttar skulptúrins, og stall eins. Hún kvaðst þó hafa verið fjórt að vinna þetta verk. „Sigurður var í frii heima á Íslandi meðan þetta gerðist og starfsfólk ið sendiherrabústáðnum sýndi mér tillitumsemi svo ég fékk gott næði,“ segir hún og brosir við endurminninguna.

Við fórum lengra aftur í tímann - allt til þeirrar stundar þegar Ólöf ákvæð að gerast myndhögvari. „Det kom pludselig over mig,“ segir hún og hlær. „Danir hafa þetta að örðtaki og afsaka sig oft þannig þegar þeir hafa gert eitt hvad hraðilegt svo sem að myrða mann. Þá segja hinir: „Ná, sa kan man godt forstå det,“ Kanski á þetta nái ekki alveg við í þessu sambandi. Hún hlær aftur og ég virð handa fyrir mér. Konan er komin yfir sjóttugt en samt hefur hún eitt hvad við sig sem einkenir helst ungt fölk - frjaldlegat og seg augnar að sem leitar kjarnans á næstum óskamfeilinn hátt - leiftrandi hraða í hugsun og háttum. Jafnvel klæðnaður hennar og hárgréiðslu her þessu vott - mjög þróngar buxur, svört við peysa, slæða með hlébarðamuntri vænn þett um hálsins, hárið undið upp á hljóðið. Það þarf ekki mikil myndunarafl til þess að sjá hana fyrir sér sem ungan bóhem í Kaupmannahöfn á eftirstríðsánum.

„Ég fó ung að kaupa mér mikil af myndhögvarabókum og fékk áhuga á þessu fagi í gegnum bókmennir. Svo sló allt í einum niður í huga minn: „Pettra er eimint það sem ég vil gera - og það var ekki aftur snjúð.“ „Það kom ymislegt í veg fyrir að ég gæti komist til náms, svo sem það að ég lokadist inni í Færejuum með fóður minnum öll stríðsárin en þar byrjaði ég reyndar í tekniskóla. Þegar ég komst til Danmerkur byrjaði ég í Fredriksbergs Tekniske skole. Hann hentadist mér ekki og ég hefði getað notað betur þau tvö ár sem fóru í nám parna.“

Af prestaeitum

Ólöf Pálssdóttir fæddist inn í ætt þar sem „varla“ var hegt að þverfóta fyrir prestum, „eins og hún orðar það. Fáðir hennar Páll var sonur Ólafs Ólafssonar pröfاست í Hjardarholti í Dólmum - hann skírði


hana í hlöfuðið á sér. Kona hans var Ingibjörg Pálssdóttir Mathiesen. „Pegar hún var jörðuð í Reykjavík sagði séra Bjarni, sem hafði gaman af endurteknungum: „Hún var prestdóttir, hún var prestkona, hún var prestsystir.“ Hann hefði getað gengið lengra í þessa átt því að hennar var prestur líka.“ Möðir Ólöfar var Hildur, dóttir Stefáns Jónssonar prests á Auðkúlu í Húnavatnssýslu. Ólöf er fædd á Hólavöllum við Landakotstúnini. „Ég var sú eina af okkur fimm systkinum sem er fædd par og er ég næstingst,“ segir hún. Yngstur er dr. Jens Ó.P. Pálsson fyrsti prófessor í líffræðilegri mannfraði við Háskóla Íslands. Hann er kvæntur þvískri konu, Ónnu Kandler mannfraðingi. Elsti bróðirinn Stefán tannleknir er löngu láinn, hann var kvæntur Guðnyju Nielsdóttur. Systur Ólöfar, Ingibjörg konu Þórhús Eggerz sendiherra og Þorbjörk konu Andrés Ásmundssonar leiknir eru báðar listakonur. Fafir



ÓLÖF Pálssdóttir. Teikning eftir Otto C, hinn fræga teiknara Berlingske Tidende.

Ólöfar var framkvæmdastjóri útgáfafélaga og var vel efnun búinn en útgerðin fór að ganga erfisolega á kreppuárunum. Hann var líka um tíma einn af stærri jarðareigendum í Reykjavík, átti t.d. Laugaland þar sem Laugardalshöllin er núna, Undraland og einar fimm jarðir á Kjalarnesi m.a. Arnarholt og Brautarholt þar sem Ólöf var stundum í sveit sem barn. Einnig dvaldi hún á Torfstaðum og Auðkúli um tíma hjá elstu móðurbraðrum sínum, heim pröfostunum Eiríki og Birni. „Það hefur alltaf blundað í mér längum til að búa í sveit,“ segir þessi heimsborgarlega listakona sem situr gegnt mér í stofu þar sem allt vitnar um óteljandi ferðalög hennar viða um heim. Meðan Ólöf hitar kaffi fyrir okkur skónu síðar geng ég um þrjár samliggjandi stofur Útsala á Seljararnar sei og skóða muní sem fremur mætti búast við að berja augum á erlendum lista- og fornminjasónum. Það leyntir sem heldur ekki á húsumunum og málverkum að húsráðendur hafa smekk fyrir því sem vandað er og frumlegt.

Ein víkur sögnuni aftur í tímann. „Foreldrar mínr áttu yndilegt heimili og þóttu vera glæsilegt fólk, jafnt í útliti sem andlegu aðgervi. Pau áttu landsfræga gæðinga og riðu að réttum og óföldum. Pau voru mikil fyrir tónlist og spiludóði á hljóðfæri, pabbir burfti ekki annað en heyra lag flautað einu sinni þá gat hann spilað það á pianóði, hann samdi mórg falleg ljóð og lög sem hafa verið gefin út, búin til prentunar af Carl Billich. Pau hafa geysimilkið af góðum máluskóbum og síglundum hljómplötum, einnig gott bóka-safn,“ segir Ólöf. Sjálf lærdi hún á hljóðfæri en kveðst hafa verið „viðbjóðslega“ löt að afa sig. „Svo var ég lengi án hljóðfæris meðan ég var að stúða,“ bætir hún við.



ÓLÖF við mynd sína af Erling Blöndal Bengtsson á sýningu í heiðurssal Charlottenborg í Kaupmannahöfn.



ÓLÖF Pálssdóttir hugsandi að kvöldi brúðkaupsdagsins, enn sklaðd brúðarskortinu, gamalli silkiblássu sem móðir hennar gitti sig í 40 árum áður.

Stríðsárið í Færejuum

Ólöf, stundaði nám í Verzlunarskóla Íslands áður en hún flutti til útlanda. „Ég var þar lítan elta systur mínar en hefði átt betur heima í menntaskóla, ég hafði mun meiri áhuga á sögu og tungumálum í verslunarrétti og bókfærslu - þau fög áttu ekki við mig en líðelega hafa þau orðið mér að einhverju gagni, alla vegar hef ég umnið fyrir mér oft sem skrifstofustúlk í þrenjur löndum, lengst af á Hagstofu Íslands og í Háskóla Íslands.“ Örlögum bundu enda á verslunarnámið þegar styrjöldin hófst. „Fáðir minn var já nýlega kominn til Færeju til þess að takla við mikilli verksmíðu sem til stóð að koma þar upp. Þúð var að vinna mikla undirbúnunsvinnu. Eg ákvæð að fara til þabba og vera hjá honum, hann burfti að vera í Færejuum starfis síns vegna og var þar einn því mamma var héð heima með heimilið nema hvað Stefán bróðir var kominn til Danmerkur í tannlæknaháskólam par sem hann

var öll stríðsárin. Ég fór með síðustu ferð norska skipsins Lyru til Færeju, það var hin mestu hættu fór, siglt á myrkvú skipi. Þegar við loks komum til Færeju í rígingu og þoku leist mér ekki á bliksuna og ákvæð að fara ekki í land ef pabbí biði míni ekki á bryggjuni. En hann kom og ég fór í land og var þar næstu þrijá árin. Ég komst loks heim til Íslands á emn áhættusamari hátt en ég fór þáðan. Kafbátur elti okkur t.d. langa leið. Á Seyðisfirði tóku hermanni bandamanna okkur pabba og Pál Patursson frá Kirkjubæ fóst. Við þóttum mjög einkennileg, Patursson í færøyska þjóðbúningunum, pabbí alskeggiður og ég í geitarskinnspels en sér hafði sjálf sauðað. En við vorum fyldelega látin laus og komumst til Reykjavíkur með varðskipi.

Pabbí fór aftur til Færeju skómnum síðar. Loftárasír nasista á Þórshöfn voru tóðar og urðu bæði ég og aðrir að hlaupa undan kúluregni frá flugvélum þeirra, auch

bess sá maður oft menn borna sundurskotna í land úr niðurskotnum skipum. Framkvændum við verksmíðjuna sem pabbí átti að veita forstóðu var hatt vegna stríðsins en hann stofnaði þess í stod baði útgerðarfélag og heildsólu í Færeju sem hann burfti að sinna. Hann varð síðar fyrsti ræðismáður Íslands í Færeju. Ég fór lika aftur til Færeju og vann m.a. hjá heildsólum Helgason og Melsted og hjá pabba meðan ég beid pess að komast til Danmerkur. Mamma kom til Færeju í lok stríðsins og við fórum svo óll saman til Danmerkur þegar stríðið lauk. Pess mið geta að mér var löngu seimna boðið sem fyrsta Íslendingi að sýna höggmyndir í Þórshöfn en ég gat ekki komið því við.

Gullverðlaun

Þegar til Danmerkur kom fór eg allra fyrst til Áhrus til að læra myndlist í einkaskóla. Þá var viðhorfið til Íslandið ekki notaðlegt. Ég man að sumir nemendurnir sögdu: „Ah, það bliver kaldt í stuðnár fróken Island kommer.“ Einig voru Svíar illa liðnir í Dammörku. Eftir að tveggja ára námi í tekniskólanum lauk fór ég í Konunglega listaháskólanum í Kaupmannahöfn. Foreldrar minir keyptu yndislega villu í Kaupmannahöfn og ég bjó þar hjá heim um tíma, en svo flutti þau heim og ég fór að búa í leiu. Ég undi mér vel á listaháskólanum og svo var Kaupmannahöfn áfskaplega skemmtileg borg há. Ég bjó alltaf rétt við Kongens Nytorv, rétt hjá akademíum. Yfirleitt voru nemendur þarna fátækir en þó voru innan um barnessor og folk frá útlöndum. Sjálf var ég á styrkjum frá danska rískinu og frá Alþingi Íslands. Ég fókk frá upphafi góða dóma fyrir verk míni. Strax á fyrstu skólasýningunni var eitt verka minna sagt „det mest modne“ verk á sýningunni. Seinna, eftir stóra opinbera sýningu á Charlottenborg, børðu félagar minir að dyrnar hjá mér snemma morgunum þegar blöðin komu út og sögdu. „Sover du, din torsk“, hefur þú ekki séð press-



GRÉTA, ljósmynd sem Ragnar Jónsson í Smára lét taka af verkinu og skrifði aftan á hana: „Petta er áreiðanlega eitt fegursta verk, gert á þess landi.“ Gamlir nemendur Verzlunarskóla Íslands hafa keypt þetta verk með það fyrir augum að gefa það skólanum.

Listin og lífið

una.“ Peim fannst ég sýna blaðamúnum fulllitla athygli. Síðar fékk ég gullverðlaum Konunglega listaháskóla í Kaupmannahöfn. Þau afhenti mér Ingjirður Danner, athöfnin og stór veiða fór fram í háttíarsal Charlottenborgar. Var þar fjöldi boðsgesta, ríkisstjóri Dana, sendiherrar, prfessorar og listamenn. Tveir aðrir Íslendingar hafa fengi þessi verðlaun, þeir Albert Thorvaldsen og Sigurjón Olafsson.“

Gifting og barneignir

A Íslandi var Ólöf um tíma í sveit á Laugabóli í Ísafjarðardjúpi þegar hún var sextán ára. Það sumar fór ég í orlofsferð út í Vigur og sá Sigurðr þar fyrst. Mamma þekkti vel mömmu Sigurðar, þær voru skólasystur og var kunnung braðrum hans sem gista hjá okkun, “segir Ólöf þegar talið berst að tildrögum hjónabands hennar og Sigurðar Bjarnasonar. „En löngu seimna hitumst við í Reykjavík og segir hann stundum spuskr að það hafi tekið hann tíu ár að elta mig og fá mig til að giftast sér.“

Ég hikadi við að gifta mig og ef- adist um að hjónaband og hugsan- legar barneignir ættu samleid með myndhöggvarastarf miðu - þær grundsemdir reynsdust síðar eiga við talvörð rök að styðjast. Á þeim tíma sem ég var ung þótti sjálfsagt að konur gæfu upp sitt starf til að hugsa um börn og heimili, ég hugsaði ekki hannig og sigldi hví á móti straumnum hvad það snerti.

Sigurður varð fjórt umsvifamikill maður, var ritstjóri Morgunbláðsins um árabil, sat á alþingi í 30 ár, lengi fóresti neðri deildar og sat í ótrúlegum mör gum vinnunefndum bingsins. Hann varð síðar sendiherra bæði í Danmörku og Bretlandi og ýmsum öðrum löndum eins og Tyrklandi, Írlandi, Hollandi, Indlandi, Nígeríu og fl. ásamt hví að vera fyrstari sendiherra í Kína. Við eignuðumst tvö börn, Hildi Helgu og Ólaf Pál sem bæði eru gift Bretum og hafa stundað háskólanum í Bretlandi. Petta hafði sín áhrif hvad starf mitt snertir. Sumir hafa talið að ég hafi haft hag af þjórfelagsstöðum minni sem lista- maður en hví fór fjarri - pvert a móti hefur listakanonar orðið undir.

Ein af örðum...

Eftir að ég flutti heim til Íslands nýgít árið 1955 saknaði ég félag- anna úr listaheiminum í Danmörku.



SENDIHERRAHJÓNIN í London koma úr veislum Hollandsdrottningar.

Par var mikil gert af hví að ræða um listir og umheiminn en slíkar umræður voru bæði minni og öðruvísi hér en ytra. Ég þekkti þessa vini mína svo vel, okkar tími saman fór oft í skemmtilegar „diskusjónir.“ Ég hugsaði ekki um starf mitt sem leið til frama, þótt auðvitað hefði ég átt að gera það, ég sé það nána. Mér gekk hins vegar vel - hinna frægi og harði gagnrýnnandi Pierre Lübecker hjá Politiken sagði eitt sinn við mig: „Pú er ein af örðum sem geta lifað á saman-


minn, meira að segja Sigurður vissi varla hvar hann var. Einu sinni var hann á göngu með son okkar sem þá var þriggja ára. Þegar þeir feðguru gengu fram hjá vinnustofu mínni bentí strákur á staðinn og sagði hátt og snjallt: „Mamma vinna.“ Þeir börðu sv að dyrum og ég varð steinhissa, það komu sjaldan gestir að þann stað. Stóð þá ekki Sigurður Bjarnason þar fyrir utan. „Hvernig fannstu mig,“ spurði ég. Hann sagðist bara hafa eit drenginn. Ég mótaði a þessum árum ýmis verk, m.a. brjóstmynd af Halldóri Laxness að beiðni Ragnars Jónssonar í Smára, sem hann gaf Pjóðleikhúsini á 70 ára afmæli skáldsins. Myndinni var vel komið fyrir í svokölluðum Kristalsal Pjóðleikhúsins en var laus á stópli og hvarf. Ég vann líka um tíma að al-



ÓLÖF Pálsdóttir var kjörin heiðursfélagi Konunglega breska myndhöggvarafélagsins 1987, ein af örðum sem hlutið hafa þann heiður. Félag þetta var stofnað um síðustu aldamót og er Elísabet drottning verndari þess.



MYND af Halldóri Laxness sem Ólif Pálsdóttir mótaði að beiðni Ragnars Jónssonar. Ragnar gaf Pjóðleikhúsini hana á 70 ára afmeli skáldsins.



PETTA verk Ólafar Pálsdóttur, „Sonur“, hlaut gullverðlaun Konunglega listaháskóla í Kaupmannahöfn. Það er í eigu Listasafns ríkisins.

mynd í fullri stærð af Laxness, einig að ósk Ragnars Jónssonar. Var ánægilegt að vinna með Laxness en tal hans var það skemmtilegt að það truðlaði mig nokkuð. Þá tók ég það ráð að setja á klassiska mísík og þa þögðum við bæði mest-

magnis. Starf þetta raskaðist við brottsför okkar Sigurðar til útlanda.


Ég eignaðist vissulega vini meðal íslenskra listamanna, svo sem Ásmund Sveinsson, Jón Gunnar, Svarav Guðnason og fleiri, en ég var samt mótuð á annan hátt en

beir og fell því ekki eins vel í þann hóp og í hóp listvina minna í Danmörku, þar sem ég hafði dvalið míin aðalproskaár. Liklega hef ég verið dálitið einmana fyrstu árin eftir að ég flutti heim. Árin í Færeyjum og í Kaupmannahöfn höfdu verið minn sérheimur. Ég var fyrst að festa rætur hér heima þegar við fluttum til Danmerkur. Þá var aðstaða míin snöggtum öðruvísi en hún hafði verið á námsárunum. Nú kom ég sem sendiherrafrú og burfti mör gum skyldum að sinna vegna þess. Heimur diplómata er á margan hátt mjög óliskur þeim heimi sem listafólk lifir í. Ég eignaðist líka marga góða vini í diplómataheiminum.

Eins og gefur að skilja gafst ekki mikil næði til listsköpunar mitt í miklum gestagangi. A móti kom að ég kynntist mörgu góðu fólk og kom að stái sem mér bykir gaman að hafa fengið tækifær til að kynnast. Meðan ég var sendiherrafrú reyndi ég samhlíða gestgjafastörfum að kynna fyrir þarfum íslenskt menningarálfir eftir því sem ég gat. Í Kaupmannahöfn stóð ég m.a. fyrir listsýningu íslenskra kvenna í húsi Jóns Sigurðssonar. Einnig var ég beðin um að vera verndari stórrar íslenskra sýningar í Taastrup kultur center, sem ég raunar tók þátt í sem eini myndhögvarinn. Það var mikil starf en skemmtilegt á þak við þá sýningu því ég safnaði sjálf að mestu málverkunum saman. Þá stóð ég fyrir ýmsum tónleikum. Ingólfur Guðbrandsson og Þorgerður Ingólfssdóttir komu með kóra í heimsókn og Þorgerður kom lika með kór til London. Í Kaupmannahöfn útbjó ég kjallarann sem kvíkmyndastofu og sýndi bar íslenskar myndir. Ég hélt líka fyrilestra, t.d. um Íslendinga sem bekktir höfðu orðið í Danmörku. Í London tók ég aðra stefnu, þar bauð ég t.d. íslenskum foreldrum að hafa um helgar skóla í sendiherrabústaðnum fyrir börn til að viðhaldla íslenskukunnáttu beirra. Einnig fók ég íslenskum listamenn til að koma fram í boðum í sendiráðinu, eins og t.d. Sigríði Ellu Magnúsdóttur óþórusöngkonu, Jónínu Ólafsdóttur leikkonu o.fl.“

Ferðaðist viða um heim

Eftir að Ólaf og Sigurður fluttu alkomini heim til Íslands á ný, breyttist tilvera beirra enn einu sinni. „Við tók næði sem var á ymsan hátt kærkomið en sem mér hefur ekki tekist að nýta nægilega í



FORDYRI „Den frie“.

Glefsur úr dómum um verk Ólafar Pálsdóttur

ÓLÖF Pálsdóttur hefur átt verk á fjölda listsýninga á undangengnum áratugum. Hér eru aðeins tekkar glefsur úr dómum í dönskum blöðum frá sýningu í „Den frie“, sem haldin var árið áur en Ólaf flutti til Danmerkur ásamt manni sínum er var par sendiherra í sjó ár.

Pierr Lubecker segir í *Politiken*: „Sérstaka athygli vejkja að minni hyggju listaverk Ólafar Pálsdóttur. Þá sjaldan sem hún hefur sýt verk sín hér í Danmörku hefur áhugi manna ávallt beinast að list hennar. Hún er gráfuð, persónuleg og raunsönn í tjáningarmóti sínu. Hún hefur eignast sína eigin reynslu og fer ekki trúðnar síðöri. Stersta styttu sýningarnar er höggmynd af sitjandi æskumann. Við höfum séð þetta verk áður. Það ber heitið „Sonur“. En maður preytist ekki við endurfundina, vegna hinna mörgu fögru og myndrauna eiginleika listaverksins. Í því fólk bæði hreinleiki og styrkur. Páttaka Ólafar Pálsdóttur er ótvíðar óvinningu fyrir sýninguna.“

Jan Zibrandtsen í *Berlingske Tidende* segir: „Ólaf Pálsdóttir er stórgáfaður listamaður og mikilsverður fulltrúi fyrir list lands síns. - Petta er Island.“

J.M.N. í *Aktuelt* segir: „Það eru Guðrun Paulsen og Ólaf Pálsdóttir sem bera sýninguna uppi. Hin síðarnefndna með sínum sterku og stoltu íslensku höggmyndum.“

E.H. í *Roskilde Tidende* segir: „Ólaf Pálsdóttir er listamaður með mikla hæfileika. Það vekur sýninglega lifsandi áhuga að horfa á verk hennar og njóta þeirra. Hún sýnir að þessu sinni tug listaverka sem túlka hæfileika höggmyndum.“

Leo Estvad í *Berlingske Aftenavis* segir: „Listraent handbragð Ólafar birtist í styttunni „Sonur“, sem er í fullri líkamsstærð. En mannamyndir hennar eru líflegari og form þeirra frjálslegra, t.d. myndin af Halldóri Laxness rithöfundi. Þar nær listakonan vel dul dum efasmarsvp skáldsins. Verk hennar koma með ferskan endurnýjunarbla á sýninguna.“

bágu listarinnar, enda hefur heilsan ekki alitft verið upp á það besta,“ segir Ólaf. „Ég var beðin að kenna við Myndhögvaraskólan, eins og ég hafði gert áður, en harma að hafa ekki getað komið því við.“ Ég spyr Ólöfum hvort hún sakni liðinna daga? Nei, það tekur hún fyrir. „Hins vegar verða t.d. ýmsir hlutir sem ég hef safnað að mér ómarkvisst að ferðalögum til að minna að hið liðna og það eru skemmtilegar minningar. Helga heitin Valtíð-dóttir, frænka Sigurðar, fékk mig til þess að lofa sér að ég skrifiaði sögu allra fornmu manna minna. Ég fór í nokkrar ferðir með Kunstabediunni, m.a. til Ítalíu, Grikklands og Spánu.“

En það land sem er mér hugstæðast er Egyptaland, ég hef alltaf elskal það land, þeði áður en ég fór þangað og eftir. Ég upplifist „fantastisk“ hluti þar. Það átti t.d. að skjóta mig þar tvísvar sinnum, þetta var stuttu eftir að Farouk konungur var rekinn frá völdum og þess vegna voru þeir sem töluðu ensku litnir þar tortryggisauzugum. Ég fékk að skoða þar ótrúlega hluti. Pegar ég kom þangað fyrst bjó ég um tíma hjá híjónum, maðurinn var danskur, forstjóri fyrir SAS í Cairo. Samgeininglegur vinur hafði áður boðið mér að koma en mér datt ekki hug að fara fyrir en hann var farinn úr landi, ég hef aldrei verið sniðug að notfara mér „praktisk“ tilboð. Ég borgaði fyrir mig hjá þessum hjónum með bestu brjóstmynd sem ég hef gert, hún var af döttur þeirra, ég hef ekki séð hana síðan.“

Ég var á leiðinni frá Kaupmannahöfn til Parísar með vinafóli mínu. Við fórum yfir Hamburg og dönskum þar alla nöttna. Um morguninn fékk ég þá flugu í höfuðið að ef ég fær ekki einmitt núna til Egyptalands þa fær ég aldrei þangað. Ég sagði vinum mínum frá þessu og heim leist ekki á þegar ég keypti mér farmiða fyrir allt sem ég átti. Svo sendi ég umraeddum hjónum skeytti og lagði síðan af stað án þess að fá staðfestingu á að þau væru heima. Ég fór af stað um morguninn, alveg ósofin, og var á ferð í fjórtán tíma. Smáran saman fóru að læðast að mér áhyggjur um hvað yrði um mig. Pegar ég lokus kom til Cairó um miðja nóttu þá ég til Guðs að Mr. Bock væri kominn til að taka á móti mér. Smáran saman fækkaði fólk á flugvelliðum og lokus var bara einn maður eftir sem svaf fram á bord - það var hann og

hann var ekkert sérstaklega hrifinn af tiltæki mínu!

Við ókum yfir eyðimörkina og frú Bock hafði skipulagt kokteilsamkvæmi daginn eftir mér til heiðurs, en ég missti af því vegna þess að ég svaf samfleyyt 36 tíma eftir þetta ferðalag. Frúin sagði að ég hefði ekki verið hvít heldur græn af breytu þegar ég komst á afangastæð og morguninn sem ég vaknaði voru fæturnir að mér stokkbólgnir, ég horfði á þá döpur og hugsaði: „Skyldi ég eiga að lífa með þessa elefantfætur alla ævi.“ Ég var í nokkra mánuði í Egyptalandi. Þar kynntist ég m.a. ungum manni, doktor í landbúnaðarfræðum, hann sýndi mér margt og mikil. Síðar kynntist ég danskri hjákrunarkonu sem bauð mér að flytja til sín, hún bjó á stærsta fátækrapítala í heimi sem stóð við ána Nil í miðri Cairo. Hún var yfirhjúkrunarkona á þessum spítala. Þar sá ég grákonur og fékk að vera viðstödd margar skurðaðgerðir og fannst það mjög merkileg lífsreynsla - en ekki þó eins merkileg og múmiurnar sem ég kom til að sjá, svo og egypsk listaverk. Síðast en ekki sist kynntist ég professor Ramses Wissa Wassef arkitekt, sem varð heimsfrægur fyrir listvefnað sem börn hafa unnið undir hans stjórn. Tengdaði hans var mjög þekktur myndhögvari. Þetta varð því hinn merkasti námstími þegar upp var staðið.“

Áð tak að tólf við fólk sem margt hefur lífað og séð er einna líkast því að kafa með hendina djúpt ofan í hoppdrættispott og draga upp ör-fá af ótalmögum samanbrotnum miðum sem þar eru að byltast hver um annan þveran. Viðtal mitt við Ólöf Ólafsdóttur er þessu marki brent. Þótt Ólöf láti ágætlega að segja frá lætur henni enn betur að láta verk sín tala. Höggmyndin af stúlkumni Grétu ber þessu vott sem og önnur verk hennar sem ég skoða. Það er mál manna að Ólaf hafi verið prýðilegur fulltrúi Íslendinga á erlendri grund. En lífið er þversagnakennt - samvisku-semin sem hún sýndi í því starfi hefur vaflauast sett henni viss takmörk í listsþópum sinni, heitt er við að margar „Grétu“ liggi af þeim sökum óbættar hjá garði. Prátt fyrir í þessa staðréynd er víusat að höggmyndir Ólafar Ólafsdóttur muni lífa okkur öll, mig sem skrifia þessa grein og ykkur sem lesið hana - listin er löng en lífið er stutt.